Eyjólfur Ármannsson

Innviðaráðherra

Reykjavík 22. júlí 2026

Efni: Beiðni um úthlutun til línuívilnunar

Landssamband smábátaeigenda vill lýsa yfir ánægju með útkomu á skiptimarkaði, en niðurstaðan þar skilaði um 1.000 tonnum af þorski inn í félagslega kerfið. Sú niðurstaða er afar jákvæð og sýnir að fyrir hendi er svigrúm til að styrkja enn frekar þau úrræði sem styðja við dreifða byggð, smærri útgerðir og aukna verðmætasköpun í sjávarbyggðum landsins.

Af þessum ástæðum telur LS að nægt svigrúm sé til staðar til að bæta 100 tonnum við línuívilnun. Þá hefur verið skorið niður í línuívilnun undanfarin ár og er því jafnframt réttlætismál að 100 tonn fari til hennar nú. Slík ráðstöfun myndi koma til móts við markmið kerfisins og styðja við þá báta sem byggja afkomu sína á línuveiðum og leggja mikilvægt framlag til atvinnu og samfélags í sjávarbyggðum.

LS fer því hér með á leit við ráðherra að verða við þeirri beiðni að auka úthlutun til línuívilnunar um 100 tonn, og það sem eftir stendur verði bætt við strandveiðar nú þegar.

Kjartan Sveinsson, formaður